

## FRAMHALDSSKÓLASÝNINGAR VORIÐ 2019

Apocalypse Now, 14. janúar kl. 14:15

Heavenly Creatures, 21. janúar kl. 14:15

Citizen Kane, 28. janúar kl. 14:15

Magnolia, 4. febrúar kl. 14:15

La Passion de Jeanne d'Arc, 11. febrúar kl. 14:15

Vertigo, 18. febrúar kl. 14:15

## VETRARFRÍ OG STOCKFISH HÁTÍÐIN Í BÍÓ PARADÍS

Melancholia, 4. mars kl. 14:15

Sunset Boulevard, 11. mars kl. 14:15

Les quatre cent coups/The 400 Blows, 18. mars kl. 14:15

Allt um móður mína/Todo sobre mi madre, 25. mars kl. 14:15

## BARNAKVIKMYNDAHÁTÍÐIN Í BÍÓ PARADÍS

Birdman, 8. apríl kl. 14:15

## PÁSKAFRÍ

Verkefnastjórn: Oddný Sen kvikmyndafræðingur

Skráningar: oddnysen@gmail.com

Vefsíða: Framhaldsskólasýningar í Bíó Paradís



## APOCALYPSE NOW



**TEGUND OG ÁR:** *Leikin mynd, 1979*

**LENGD:** *141 MIN*

**FRAMLEIÐSLULAND:** *Bandaríkin*

**LEIKSTJÓRI:** *Francis Ford Coppola*

**AÐALHLUTVERK:** *Martin Sheen, Marlon Brando, Robert Duvall*

**TUNGUMÁL:** *Enska með enskum texta*

Apocalypse Now tilheyrir bandarísku nýbylgjunni eða The Hollywood Renaissance sem leit dagsins ljós seint á sjöunda áratugnum. Myndin er lauslega byggð á skáldsögu Joseph Conrad, *The Heart of Darkness* frá 1899, en gerist þegar stríðið í Víetnam stendur sem hæst. Bandaríski höfuðsmaðurinn Willard er sendur í leynilegan leiðangur til að finna dularfullan undirofursta Walter Kurtz sem er talinn hafa misst vitið og lifir að hætti frumbyggja. Á leiðinni kemst hann að því að Kurtz er einn af heiðruðustu foringjum bandaríska hersins.

Myndin er talin ein af mikilvægustu ádeilumyndum sem voru gerðar um Víetnamstríðið og ein af bestu myndum bandarísku nýbylgjunnar. Hún var tekin á Filippseyjum og var tvö ár í vinnslu við mjög erfiðar aðstæður. Myndin hlaut Óskarsverðlaun fyrir hljóð og kvikmyndatöku auk fjölda annarra verðlauna.

## HEAVENLY CREATURES



**TEGUND OG ÁR:** *Leikin mynd, 1994*

**LENGD:** *99 MIN*

**FRAMLEIÐSLULAND:** *Nýja-Sjáland*

**LEIKSTJÓRI:** *Peter Jackson*

**AÐALHLUTVERK:** *Melanie Lynskey, Kate Winslet, Sarah Peirse*

**TUNGUMÁL:** *Enska með enskum texta*

Heavenly Creatures er byggð á sönnu sakamáli sem gerðist í Christchurch á Nýja-Sjálandi. Unglingsstúlkurnar Juliet Hulme og Pauline Parker eru nánar vinkonur sem elska bókmenntir og fantasíur en þegar móðir Pauline reynir að koma í veg fyrir þráhyggjukennt samband þeirra, leggja þær á ráðin um að myrða hana. Myndin gerist á árunum 1952 til 1954.

Myndin var opnunarmynd kvikmyndahátíðarinnar í Feneyjum og hlaut Gullljónið. Hún vakti mikla athygli, sér í lagi fyrir afbragðs kvikmyndatöku og góðan leik, en myndin kom Kate Winslet á kortið og var tilnefnd til Óskarsverðlauna fyrir besta handritið.

## CITIZEN KANE



**TEGUND OG ÁR:** *Leikin mynd, 1941*

**LENGD:** *119 MIN*

**FRAMLEIÐSLULAND:** *Bandaríkin*

**LEIKSTJÓRI:** *Orson Welles*

**AÐALHLUTVERK:** *Orson Welles, Joseph Cotten, Everett Sloane*

**TUNGUMÁL:** *Enska með enskum texta*

Charles Foster Kane, einn af valdamestu mönnum Bandaríkjanna, deyr á ríkmannlegu setri sínu. Síðasta orð hans er „Rosebud“. Blaðamaður er sendur út af örkinni til að komast að því hvað orðið merkir. Hann kemst að ýmsu um Kane og hvernig hann byggði upp fjölmiðlaveldi sitt, hvernig hann sölsaði undir sig auð og völd, en glataði stöðugt meira af sálu sinni. Talið er að fyrirmynd Kane hafi verið meðal annars William Randolph Hearst sem bannaði auglýsingar myndarinnar í öllum sínum blöðum og reyndi að kaupa myndina til að eyðileggja hana.

Citizen Kane er álitin ein af merkustu kvikmyndum sögunnar þar sem Orson Welles hafði nær fullkomið frelsi til að þróa myndmál og frásagnaraðferð með byltingarkenndum aðferðum. Þetta var fyrsta mynd Orson Welles, en hann var kornungur þegar hann gerði hana. Hún var tilnefnd til Óskarsverðlauna fyrir besta frumsamda handritið og er talin með bestu kvikmyndum sem gerðar hafa verið.

## MAGNOLIA



**TEGUND OG ÁR:** *Leikin mynd, 1999*

**LENGD:** *188 MIN*

**FRAMLEIÐSLULAND:** *Bandaríkin*

**LEIKSTJÓRI:** *Paul Thomas Anderson*

**AÐALHLUTVERK:** *Tom Cruise, Julianne Moore, Philip Seymour Hoffman*

**TUNGUMÁL:** *Enska með enskum texta*

Kvikmyndin Magnolia er stórbrotið verk sem lýsir einum sólarhring í lífi átta mismunandi einstaklinga sem tengjast flestir í gegnum sjónvarpsþáttinn „What Do Kids Know?“ en þar keppa fullorðnir við börn. Myndin hefst á formála með þremur stuttum sögum sem varpa fram spurningunni um hvort ótrúlegir atburðir geti gerst og er síðan fylgt eftir í kvikmyndinni. Framleiðandi spurningarþáttanna er Earl Partridge sem liggur á banabeði fullur sektarkenndar eftir að hafa yfirgefið son sinn og fyrrverandi eiginkonu. Hjúkrunarfræðingur hans, Phil Pharma leitar að syni hans, Frank T.J. Mackey sem heldur námskeið í sjálfstyrkingu fyrir karlmenn og fær um leið útrás fyrir sjálfshatur sitt.

Myndin hlaut meðal annars Gullbjörninn í Berlín og Tom Cruise hlaut Golden Globe verðlaunin fyrir besta leik í aukahlutverki.

## LA PASSION DE JEANNE D'ARC



**TEGUND OG ÁR:** *Leikin mynd, 1928*

**LENGD:** *110 MIN*

**FRAMLEIÐSLULAND:** *Frakkland*

**LEIKSTJÓRI:** *Carl Theodor Dreyer*

**AÐALHLUTVERK:** *Renée Maria Falconetti, Eugene Silvain, André Berley*

**TUNGUMÁL:** *Þögn með textaspjöldum*

La Passion de Jeanne D'arc fjallar um síðusta daga réttarhaldanna yfir Jóhönnu af Örk þar sem reynt var að fá hana til að draga til baka þær heilögu sýnir sem hún taldi sig upplifa og játa villutrú.

Dreyer fór nýjar leiðir í nálgun á viðfangsefninu og notaði óspart það sem hefur verið kallað handanveruleiki (transcendental cinema) þar sem hið andlega og hið jarðneska mætast. Þessi nálgun Dreyers í myndinni hafði gífurleg áhrif á listræna sköpun innan kvikmyndasögunnar og Renée Maria Falconetti lagði hart að sér að túlka tilfinningalíf Jóhönnu. Myndin hafði gífurleg áhrif á kvikmyndasöguna, þar á meðal verk Ingmar Bergman, Tarkovskí og Lars Von Trier og fleiri.

## VERTIGO



**TEGUND OG ÁR:** *Leikin mynd, 1958*

**LENGD:** *128 MIN*

**FRAMLEIÐSLULAND:** *Bandaríkin*

**LEIKSTJÓRI:** *Alfred Hitchcock*

**AÐALHLUTVERK:** *Kim Novak, James Stewart, Barbara Bel Geddes*

**TUNGUMÁL:** *Enska með enskum texta*

Vertigo er ein af frægustu myndum Hitchcock. Hún er byggð á skáldsögunni *D'entre les morts* eftir Boileau-Narcejac og segir frá leynilögreglumanninum John Ferguson sem kemst að því að hann er haldinn lofthræðslu og svima þegar hann er við skyldustörf. Hann sest í helgan stein en tekur að sér að fylgjast með eiginkonu skólabróður hans, en eiginkonan hagar sér einkennilega og virðist haldin þráhyggju gagnvart ættmóður sinni sem bjó eitt sinn í San Fransisco.

Vertigo er með rómantískustu og leyndardómsfyllstu myndum sem Hitchcock gerði og spennan skilar sér vel með dulúðugri tónlist Bernards Herrmann, en hann gerði jafnframt tónlistina í *Psycho*. Í myndinni koma fram nýstárlegar aðferðir við að sýna svima og lofthræðslu og eru kölluð „Vertigo-áhrifin“. Frásagnaraðferðin og kvikmyndatakan hafa haft mikil áhrif á kvikmyndagerð samtímans.

## MELANCHOLIA



**TEGUND OG ÁR:** *Leikin mynd, 2011*

**LENGD:** *135 MIN*

**FRAMLEIÐSLULAND:** *Danmörk*

**LEIKSTJÓRI:** *Lars Von Trier*

**AÐALHLUTVERK:** *Kirsten Dunst, Charlotte Gainsbourg, Alexander Skarsgård*

**TUNGUMÁL:** *Enska með íslenskum texta*

Melancholia fjallar um systurnar Justine og Claire skömmu áður en búist er við að reikistjarna muni rekast á jörðina. Justine er að ganga í hjónaband og systir hennar og mágur halda henni og eiginmanni hennar veislu á ríkmannlegu setri þeirra. Claire virðist yfirvegaðri en Justine, sem berst við mikinn kvíða og þunglyndi. Lars Von Trier, sem sjálfur er haldinn þunglyndi, setur þá kenningu fram í myndinni að þunglyndir bregðist með meira jafnvægi við streituvaldandi augnablikum.

Melancholia var opnunarmyndin í Cannes 2011 þar sem Kirsten Dunst hlaut verðlaun fyrir besta leik í aðalhlutverki. Myndin hlaut jafnframt Evrópsku kvikmyndaverðlaunin fyrir bestu kvikmynd, kvikmyndatöku og sviðsmynd.



## SUNSET BOULEVARD



**TEGUND OG ÁR:** *Leikin mynd, 1950*

**LENGD:** *110 MIN*

**FRAMLEIÐSLULAND:** *Bandaríkin*

**LEIKSTJÓRI:** *Billy Wilder*

**AÐALHLUTVERK:** *Gloria Swanson, William Holden, Erich von Stroheim*

**TUNGUMÁL:** *Enska með enskum texta*

Sunset Boulevard er með frægustu rökkurmyndum sem hafa verið gerðar en er jafnframt ádeila á Hollywood, æskudýrkun og afdrif leikara þögla tímabilsins.

Myndin segir frá ungum handritshöfundi, Joe, sem er staðráðinn í að öðlast frægð í Hollywood, en gengur illa. Hann neyðist til að leggja á flóttu frá skuldunautum og uppgötvar af tilviljun heimili frægrar kvikmyndastjörnu frá tímabili þöglu myndanna, Normu Desmond. Norma ræður Joe til að hjálpa henni við að skrifa handrit þar sem hún íhugar endurkomu. Margt sérkennilegt kemur í ljós eftir því sem Joe dvelur lengur á setri Normu en hann kynnist líka ungri konu sem langar líka til að skrifa kvikmyndahandrit.

## LES QUATRE CENTS COUPS – THE 400 BLOWS



**TEGUND OG  R:** *Leikin mynd, 1959*

**LENGD:** 99 MIN

**FRAMLEIÐSLULAND:** *Frakkland*

**LEIKSTJ RI:** *Fran ois Truffaut*

**A ALHLUTVERK:** *Jean-Pierre L aud, Claire Maurier, Albert R my*

**TUNGUM L:** *Franska me  enskum texta*

Les Quatre cents coups er fyrsta kvikmynd fr nsku n bylgjunnar sem gerbreytti vi horfum til kvikmyndager ar. Myndin segir fr  Antoine Doinel sem elst upp   Par s vi  mj g erfi ar a st  ur og lei ist sm m saman  t   sm gl pi. Truffaut  lst sj lfur upp vi  svipa ar a st  ur svo myndin er sj lfs vis guleg. Hann  lst upp hj   mmu sinni  ar sem m  irin  ekkti aldrei f  ur hans en var  a  flytja til m  ur sinnar  egar amma hans l st. Fj lskyldan bj  vi   r ng kj r   p nul tilli  b  , en myndin s nir Par s fr  sj narhorni Par sarb ans    essum  rum.

Myndin hlaut Gullp lmann   Cannes og fj lm rg  nnur ver laun og  ykir me  merkari myndum myndum fr nsku n bylgjunnar.

## TODO SOBRE MI MADRE – ALLT UM MÓÐUR MÍNA



*TEGUND OG ÁR: Leikin mynd, 1999*

*LENGD: 101 MIN*

*FRAMLEIÐSLULAND: Spánn*

*LEIKSTJÓRI: Pedro Almodóvar*

*AÐALHLUTVERK: Cecilia Roth, Marisa Paredes, Penélope Cruz*

*TUNGUMÁL: Spænska með enskum texta*

Allt um móður mína segir frá Manuelu, argentískum hjúkrunarfræðingi, sem sér um líffæragjafir á sjúkrahúsi í Madrid. Þegar sonur hennar, Esteban, deyr af völdum bílslyss fer Manuela til Barcelona í leit að barnsföður sínum, Lolu, sem veit ekki að hann á son. Hún kynnist leikkonu sem á í stormasömu ástarsambandi við aðra leikkonu og nunnu sem er smítuð af HIV-sjúkdómnum.

Almodóvar vísar í kvikmyndina All About Eve (1950) eftir Joseph Mankiewicz og leikritið Sporgvagninn Girnd eftir Tennessee Williams sem hann fléttar inn í verkið.

Myndin hlaut Óskarsverðlaunin, Golden Globe og BAFTA-verðlaunin fyrir bestu erlendu myndina. Hún er talin með bestu kvikmyndum Almodóvar.

## BIRDMAN



**TEGUND OG ÁR:** *Leikin mynd, 2014*

**LENGD:** 119 MIN

**FRAMLEIÐSLULAND:** *Bandaríkin*

**LEIKSTJÓRI:** *Alejandro G Iñárritu*

**AÐALHLUTVERK:** *Michael Keaton, Edward Norton, Emma Stone*

**TUNGUMÁL:** *Enska með enskum texta*

Birdman eða The Unexpected Virtue of Ignorance segir frá bandarískum leikara, Riggan Thomson, sem var eitt sinn frægur fyrir hlutverk sitt sem ofurhetjan Birdman, leggur allt að veði til að setja upp leikrit á Broadway eftir Raymond Curver. Uppsetningin gengur illa og Thomson grípur til örþrifaráða til að leikritið slái í gegn.

Kvikmyndin vakti mikla athygli, en hún er tekin upp eins og eitt samfelld skot og hlaut Óskarsverðlaunin 2014 fyrir bestu leikstjórn, handrit og kvikmyndatöku. Michael Keaton hlaut jafnframt Golden Globe-verðlaunin fyrir besta leik í aðalhlutverki.

**Verkefnastjórn:** Oddný Sen kvikmyndafraeðingur

**Skráningar:** [oddnysen@gmail.com](mailto:oddnysen@gmail.com)

**Vefsíða:** Framhaldsskólasýningar í Bíó Paradís



